

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna hitaveitu.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. október 2018.

Í breytingunni felst að ákveðin er lega tæplega 20 km langrar stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli í Nesjum að hafnarsvæðinu innan þéttbýlisins á Höfn. Samhliða stofnæðinni verður lagður ljósleiðari. Afmarkað er 17 ha iðnaðarsvæði (I8) í landi Hoffells og Miðfells í Nesjum fyrir hitaveituna og í landi Stapa (I9) er skilgreint 5 ha iðnaðarsvæði fyrir dæluhús.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. apríl 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.